Fundargerð
Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 17. nóvember 2021, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættar; Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ólafía Sigurvinsdóttir og Agnieszka A. M. Kowalczyk í forföllum Vilbergs Þráinssonar. Einnig sátu fundinn Anna Ingadóttir skólastjóri grunnskóla- og tónlistadeildar, Kristrún Birgisdóttir skólastjóri Ásgarðs skóla í skýjunum, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykhólaskóla leikskóladeild, Svanborg Guðbjörnsdóttir fulltrúi kennara í Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi boðaði forföll

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

## Dagskrá:

<u>Mál til afgreiðslu:</u>

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 14. september 2021.

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. Staða Reykhólaskóla.

   2.1 Staða grunnskóladeildar, og stuðningur við deild.

   *Skólastjóri fór yfir stöðuna varðandi stöðugildi og barnafjölda í grunnskólanum.*
   *Farið var yfir stöðu staðgengils í skólanum.*

   2.2 Staða leikskóladeildar og stuðningur við deild.

   *Íris fór yfir stöðu leikskólans. Trappa hefur verið leikskólanum til stuðnings og hefur það gengið vel.*
   *Rætt var um að auglýsa að nýju eftir leikskólastjóra.*

   2.3.Staða tónlistadeildar.

   *Rætt var um stöðu tónlistadeildar hvað varðar aðsókn í skólann.*

3. Umsókn um nám í Ásgarði, nám utan lögheimilissveitarfélags.
   Lögð er fram umsókn frá Kópavogsbæ, dagsett 9. nóvember 2021.

   *Nefndin samþykkir framlagða umsókn samhljóða.*

4. Umsókn um nám í leikskóla, nám utan lögheimilissveitarfélags.
   *Lögð er fram umsókn. Frekari gögn vantar. Málinu frestað.*

5. Skýrsla Reykhólaskóla.

   4.1 Skýrsla grunnskóla- og tónlistadeildar.
   *Skólastjóri fór yfir skýrslu vegna starfsins í grunnskólanum síðustu vikur.*

   4.2 Skýrsla leikskóladeildar.
   *Íris fór yfir skýrslu vegna starfsins í leikskólanum síðustu vikur.*

6. Skýrsla Ásgarðs, skóla í skýjunum.
   *Kristrún fór yfir skýrslu vegna Ásgarðs.*

7. Skýrsla tómstundafulltrúa.
   *Engin skýrsla lögð fram vegna forfalla tómstundafulltrúa.*

   <u>Önnur mál (ef einhver):</u>

8. Staða á framkvæmd leikskólavallar.
   *Rætt var um að fá verktakann til að stækka útivistasvæðið.*

9. Trúnaðarmál.
   *Trúnaðarmál ritað í trúnaðarmálabók.*

Farið yfir fundargerðina og fundi slitið.